

114

		Krónumynt.		Hundrað.		Alin.	
		Kr.	Kr.	Kr.	Aur.	Kr.	Aur.
38.	1 or 6 pd. af æðardúni, vel hreinsuðum 1 pd. á	18	19	109	14	"	91
39.	— 40 — — — óhreinsuðum — — —	"	"	"	"	"	"
40.	— 220 — — fuglafíðri 1 fjórð. á	8	48	101	76	"	85
41.	— 480 — — fjallagrössum — — —	1	"	48	"	"	40
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir	2	52	"	"	"	50
43.	— 1 lambsfóður	3	98	"	"	"	79 ¹ / ₂

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaurnum verður:

Eptir A	eda i fríðu	97	1	"	81
— B	— i ullu, smjöri og tólg	73	5	"	61
— C	— i tóvöru af ullu	86	85	"	72
— D	— i fiski	61	68 ¹ / ₂	"	51
— E	— i lýsi	42	97 ¹ / ₂	"	36
— F	— i skinnavöru	56	5	"	47
En meðalverð allra landaura saman talin		417	62	3	48
og skipt með 6 sýna:					
meðalverð allra meðalverða		69	60	"	58

Akureyri 7. aprílmánaðar 1877.

Í umboði herra biskupsins

Christiansson. *David Guðmundsson.*
settur.

115 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um smíðagalla á fang-
5. sept. elsunum á Eskifirði og Ísafirði. — Þegar fangelsi það, er Klentz timbur-
meistari gjörði á Eskifirði, var tekið út, var þess meðal annars getið, að grundvöllurinn
undir fangelsinu væri eigi vel lagður, og að millilopt vantaði í það. Nú hefur sýslumað-
urinn í Suðurmúlasýslu skýrt svo frá í brjefi, er hann sendi hingað beina leið, að
hann hafi varið 70 kr. til að laga grundvöllinn, og lagt það til, að Klentz timburmeis-
tari endurgjaldi þetta, og eins að hann bæti andvirði milliloptsins, sem nú verður eigi
lagt, þannig, að því fje sje varið til að gjöra við ýmsa galla á fangelsinu. Ráðgjafinn
hefir síðan eptir samkomulagi við Klentz timburmeistara haldið eptir af hinni umsömdu
borgun fyrir að smíða fangelsið bæði fyrgreindum 70 kr. og 58 kr. 41 a., sem eptir á-
ætluninni er það sem milliloptið mundi hafa kostað, og er yður veitt heimild til að láta
greiða þetta hvorttveggja, samtals 125 kr. 41 a., úr jarðabókarsjóði hlutaðeigandi amts-
ráði, til þess að því verði varið, eins og að framan er til tekið.

Að því er snertir fangelsið á Ísafirði, þá var eigi getið neinna galla á því, þegar
það var tekið út, heldur lýsti sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu yfir því, að húsið væri í
fullkomnu standi. En er tjedur sýslumaður samt sem áður kom með skýrslu um, að
nokkrir gallar væri á húsinu, eins og yður er kunnugt, herra landshöfðingi, ljét Klentz
timburmeistari bæta úr sumum þeirra árið sem leið, og eins ætlar hann nú að senda
með póstskipinu Diönu til Ísafjarðar loptspúr í gluggana í klefunum, þar eð gluggunum
verður eigi lokið upp. Með því að auk þess vantaði líka millilopt í þetta fangelsi, hefir
Klentz timburmeistari tjáð sig fúsan á að draga 55 kr. 41 a. frá borguninni fyrir þetta
fangelsi, og eruð þjer beðnir að láta greiða þetta úr jarðabókarsjóðnum hlutaðeigandi
amtsráði, og má þá hafa það til að gjöra við fangelsið.

Um leið og yður er þjónustusamlega tjáð það, er að framan greinir, til þóknunar- **115**
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstafana, skal eigi látið undan falla að bæta **5. sept.**
því við, með því að úttektirnar hafa eigi gefið ástæðu til að fara fram á meira gagnvart
Klentz timburmeistara, er búið að greiða honum það, sem hann átti eptir inni óborgað,
og er mál þetta þann veg á enda kljád.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fimleikakennsluna* **116**
í hinum lærða skóla. — Út af lausn Steenbergs, er hingað til hefir verið kenn- **6. sept.**
ari í leikfimi við lærða skólann í Reykjavík, og burtför hans frá Íslandi, hafið þjer, herra
landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi 9. f. m. skotið því til mín, hvernig fara eigi með
leikfimiskennsluna eptirleiðis, og bendið þjer á, að hjer sje um tvennt að velja annaðhvort
að setja íslenzkan stúdent, Ólaf Rósinkranz að nafni, kennara í leikfimi til bráðabirgða
skólaár það, er í hönd fer, eða að auglýsa, að sýslan þessi sje laus, ef kostur mætti verða
á að fá danskan leikfimiskennara til að taka hana að sjer.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráð-
stafanar, að þar eð nú er orðið svo áliðið, að sýslanin getur eigi orðið veitt fyrir fullt og
allt fyrir skólaár það, er í hönd fer, verður að álíta rjettast að setja framangreindan Ólaf
stúdent Rósinkranz til að gegna henni til bráðabirgða.

Um leið og þjer eruð þjónustusamlega beðnir, herra landshöfðingi, að gjöra það
sem við þarf í þessu efni, vonast ráðgjafinn eptir að fá á sínum tíma frá yður tillögur
yðar um veitingu á sýslaninni fyrir fullt og allt, svo tímanlega, að hún verði veitt að
minnsta kosti áður en skólaárið 1878—79 byrjar, og skyldu tillögur yðar verða þess efnis,
að auglýsa skyldi hjer, að sýslanin sje laus, verður ráðgjafinn einnig að biðja yður að
skýra sjer frá, hvort eiga megi von á, að sendiferðir fyrir landsyfrrjettinn og umsjónar-
mennskan við prestaskólann verði sameinaðar leikfimiskennarastöðunni.

— *Brjef landshöfðingja til prófasts sira Eiríks Briems um styrk til að gefa* **117**
út ritgjörð um kvennbúning. — Með þessu brjefi var veittur 200 kr. styrkur **17. sept.**
til þess að gefa út ritgjörð með 37 uppdráttum eptir Sigurð heitinn málara Guðmunds-
son, um tilbúning hins forna íslenzka kvennbúnings. Í beiðni sinni um þenna styrk tekur pró-
fasturinn fram, að hinn sjerstaki þjóðbúningur, sem tíðkast hjá kvennfólkinu hjer á landi,
sje bæði kostnaðarminni en hinn útlendi búningur, og nauðsynlegur, þar sem fólki víðast
hvar hjer á landi sje ómögulegt að fylgja þeim breytingum, er útlendi kvennbúningurinn
tekur, og að þar að auki hinn innlendi búningur hafi talsverð menntandi áhrif vegna
þeirra hannyrða, er honum eru samfara, og sem hafa fengið þá þýðingu í meðvitund
manna, að það «að sauma sjer búning» skoðist sem nokkurs konar skóla-kursus.

SKIPUN EMBÆTTISMANNA OG LAUSN.

Hinn 26. dag júnímán. var prófastur sira Jón Jónsson á Mosfelli settur til fyrst um
sinn að þjóna með embætti sínu Míddalssókn í Árnessprófastsdæmi.

28. s. m. var settum lækni Anton Tegner samkvæmt beiðni hans veitt lausn frá
hjeraðslæknisstörfum í Árnessýslu, og læknaskólakennari Tómas Hallgrímsson settur til um
stundarsakir að gegna þessu embætti.

S. d. var yfirdómari R. af D. Jón Pjetursson settur forstjóri yfirdómsins, yfirdómari